

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 19, 4. nóv. 1887, um aðför.

18

23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 100 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsg. r.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefir ekki falið það öðrum.

Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsg. r., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Ekki má heldur undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.